

Þingskjal 10

Tillaga til lagabreytinga

Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 42. grein laga KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

42. grein - Réttindi

- 42.1 KSÍ og félögin innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur og hagnýting hans nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynningar- og höfundarréttar að höfðu samráði aðila.
- 42.2 Lúti hagnýting **og sala** réttinda, svo sem sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda deilda, ~~sala~~ **auglýsinga og hvers kyns annarra réttinda auk sölu auglýsinga og markaðssetningar**, að ákveðnum deildum, fara félög í þeirri deild eða deildum, eða viðurkennd hagsmunasamtök þeirra, með samningsumboð og ráðstöfun allra réttinda. **ÍTF, sem viðurkennd hagsmunasamtök félaga í tveimur efstu deildum karla og kvenna, fer með öll réttindi í þeim deildum í samræmi við samþykktir aðildarfélaga ÍTF hverju sinni.**

Greinargerð

Með þessari tillögu er einvörðungu verið að hnykkja á því að réttindin í tveimur efstu deildum karla og kvenna liggja nú hjá ÍTF fyrir hönd félaganna. Jafnframt að hnykkja á því að réttindi í öðrum deildum liggja hjá þeim félögum sem í deildinni eru eða hagsmunasamtökum þeirra verði þau stofnuð. Það er mikilvægt að þetta sé skýrt í lögum KSÍ þannig að ekki fari á milli mála að réttindin eru félaganna að fara með, ráðstafa og hagnýta, hvort sem þau tilheyra efstu deildum eða ekki.

Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF